Nd. **81. Frumvarp til laga** [26. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. nóv.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Fremri-Torfustaðahreppi eyðijörðina Lækjarbæ í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Hreppsnefnd Fremri-Torfustaðahrepps er óheimilt að selja öðrum en ríkissjóði umrædda jörð eða hluta af henni eða hlunnindi, sem henni fylgja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.